

L Ö G

um

25
8. sept.

lögginging verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðherra hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.